

78. stjórnarfundur haldinn í Reykjavík 11. júní 2014

Mætt: Hjalti Þór Vignisson, Björn Ármann Ólafsson, Böðvar Pétursson, Eygló Kristjánsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri. Reynir Arnarson var í síma.

Fundur hófst kl. kl.

1. Samþykki fundargerðar 77. stjórnarfundar

Fundargerð lesin upp og lagfærð eftir ábendingar stjórnarmanna.

2. Samþykkt dagskrár

Böðvar lagði til að samkomulag við Landeigendur í Reykjahlíð um Dettifoss yrði tekið fyrir sem sér liður.

- Samþykkt.

3. Samkomulag við Landeigendur í Reykjahlíð ehf.

Fyrir liggur samþykkt samkomulag í undirritunarferli. Verður sent stjórnarmönnum þegar því er lokið. Stjórn fagnar þessum áfanga varðandi nauðsynlega uppbyggingu við Dettifoss. Í framhaldi er mikilvægt að stjórn og svæðisráð fundi með Landeigendum í Reykjahlíð þar sem leitað verði að heildarlausn til framtíðar þar sem tekið verður á allsherjar uppbyggingu á svæðinu.

4. Viðbótarfjármagn til framkvæmda 2014- ný verkefni

Þórður upplýsti um að fjármagn hafi fengist í eftirfarandi verkefni, sem hafist verður handa við á þessu ári.

- Dettifoss að vestan; útsýnispallur, Dettifoss að vestan; göngustígar og göngupalla
- Skaftafell; útsýnispallur við Svartafoss, Skaftafell; göngustígur frá Skaftafellsstofu að Svartafossi

5. Framkvæmdir við Dettifoss að vestan 2014

Þórður kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir við Dettifoss

- Raforkuframleiðsla, raflagnir, vatnslagnir, rotþró og siturbeð
- Salernisbygging
- Göngustígar og göngupallar við aðkomu við bílastæði og nýja salernisbyggingu
- Útsýnispallur
- Aðrir göngustígar og göngupallar

6. Fundur með sveitarstjórn Skaftárhrepps

Stefnt er að því að stjórn Vjþ hitti nýja sveitarstjórn Skaftárhrepps og ræði m.a. fyrirhugað þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Verður gert við fyrsta tækifæri. Óskað eftir að Eygló upplýsi um framvindu mála og komi á tengslum við nýja sveitarstjórn þegar hún tekur til starfa.

7. Ferð stjórnar í Vonarskarð

Stefnt er að því að stjórn fari í vettvangsferð í Vonarskarð 19.- 20. júlí eða 9.-10. ágúst. Þórði falið að halda utan um undirbúning ferðarinnar.

8. Verkefnalisti

Engin breyting frá síðasta fundi.

9. Aðalskipulag Hornafjarðar- kynning

Kom fram að Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður á Suðursvæði, hafi farið yfir skipulagið og komið ábendingum á framfæri. Stjórn gerir ekki athugasemdir við framlagt aðalskipulag. Stjórn sammála um að ferli í skipulagsmálum verði þannig að þjóðgarðsverðir og svæðisráð á hverju svæði fjalli um þau og veiti umsagnir fyrir hönd stjórnar.

10. Bók um Vatnajökulspjóðgarð- afhending

Sverrir Sv. Sigurðarson mætti á fundinn kl. 13.00 og afhenti bók um Vatnajökulspjóðgarð. Stjórn þakkaði Sverri fyrir komuna og bókina.

11. Önnur mál

- Rósa kynnti verkefni sem markaðsstofur landshlutanna og Ferðamálastofa Íslands er að fara af stað með. Verkefnið snýr að því að hvetja Íslendinga til þess að vera betri ferðamenn og betri fyrirmyndir á ferð um landið, bæta umgengni og virðingu fyrir náttúrunni um leið að kynna fáfarnari ferðamannastaði. Ræddi Rósa hugmynd um að Vatnajökulspjóðgarður yrði samstarfsaðili að verkefninu á næsta ári.
- Reynir greindi frá umræðum á fundi svæðisráðs um hönnum göngustígs og útsýnispalls við Svartafoss. Jafnframt rætt um stöðu mála við Fjallsárlón og Jökulsárlón.
- Snorri gerði grein fyrir erindi sem barst honum um voropnun inn að Öskju. Greindi Böðvar frá því ferli sem viðhaft hefur verið síðast liðin ár. Samþykkt að vísa málinu til norðursvæðis.

12. Næsti stjórnarfundur.

Þjóðgarður stefnir að fundi með sveitarstjórn Skaftárhrepps í sumar sem og vettvangsferð í Vonarskarð. Næsti fundur stjórnar eftir það verður í september. Dagsetning ákveðin síðar.

Fundargerð lesin upp og undirrituð.

Fundi slitið kl. 13:20